útón

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið
Skúlagötu 4
101 Reykjavík
Sent í gegnum Samráðsgátt stjórnarráðsins

Reykjavík, 24. september 2020

**Umsögn ÚTÓNs um breytingu á lögum um tímabundnar endurgreiðslur vegna hljóðritunar á tónlist nr. 110/116**

Drög að frumvarpi um lagabreytingu sem breytir skilyrðum fyrir endurgreiðslu á framleiðslukostnaði hljóðrita var birt í samráðsgáttinni fyrir skemmstu.

Í meginatriðum snýst lagabreytingin um að breyta skilyrðum um samanlagðan spilunartíma hljóðrita úr 30 mínútum í 14 mínútum.

ÚTÓN (Útflutningsskrifstofa íslenskrar tónlistar) fagnar þessari breytingu og telur hana munu vera bæði til mikilla bóta fyrir íslenskt tónlistarfólk sem og að hún muni styrkja samkeppnisstöðu Íslands þegar kemur að því að kynna Ísland sem ákjósanlegan upptökustað. ÚTÓN hefur frá upphafi árs 2019 haft umsjón með kynningu á endurgreiðslum vegna hljóðritunar á tónlist og byggjum við umsögn okkar á upplifun okkar af samtölum við tónlistarfólk hérlendis sem erlendis þessa.

Fyrir hönd ÚTÓNs,

Bryndís Jónatansdóttir
Verkefnastjóri Record in Iceland hjá ÚTÓN